



Staða málefna fatlaðs fólks fyrir flutning frá ríki til sveitarfélaga

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands,
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum,
Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Kynning 26. október 2011

Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

Dr. Rannveig Traustadóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Staða málefna fatlaðs fólks fyrir flutning frá ríki til sveitarfélaga

LÝSING Á AÐFERÐAFRÆÐI



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Markmið úttektar

Megináhersla í úttektinni var lögð á að afla grunnupplýsinga um aðstæður fatlaðs fólks í lok árs 2010 í þeim tilgangi að hægt verði að meta faglegan ávinning af flutningi þjónustunnar á milli stjórnsýslustiga að þremur árum liðnum eða árið 2014 eins og tilgreint er í 11. grein samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk.





Kortlagning á stöðu þjónustu við fatlað fólk

1. Könnun meðal úrtaks fatlaðs fólks sem nýtti þjónustu frá svæðisskrifstofum, sjálfseignarstofnunum eða þjónustusveitarfélögum árið 2010
2. Eigindleg viðtöl við 30 fatlaða einstaklinga og/eða aðstandendur þeirra
3. Könnun meðal allra starfsmanna svæðisskrifstofa, sjálfseignarstofnana og þjónustusveitarfélaga sem störfuðu við þjónustu við fatlað fólk í lok árs 2010





Könnun meðal þjónustunotenda - framkvæmd

Tilviljunarúrtak um 40% þjónustunotenda hvers þjónustusvæðis – áætlaður heildarfjöldi þjónustunotenda árið 2010 er því í kringum 3300 einstaklingar, 2000 fullorðnir og um 1300 börn.

Upplýsingasöfnun	23. febrúar – 4. apríl 2011
Framkvæmdarmáti	Síma-, net- og póstkönnun
Fjöldi í endanlegu úrtaki	1307
Þar af aðstandendur fatlaðra barna	522
Þar af fullorðnir þjónustunotendur	785
Brottfall ²	10
Fjöldi svarenda	835
Þar af aðstandendur fatlaðra barna	395
Þar af fullorðnir þjónustunotendur	440
Brúttó Svarhlutfall	63,9%
Nettó svarhlutfall	64,4%





Eigindleg viðtöl - framkvæmd

Sérvalinn hópur til að ná þverskurði af hópi fatlaðs fólks sem reiðir sig á þjónustukerfið í sínu daglega lífi.

Samtals 30 viðtöl

17 karlar

13 konur

10 - 59 ára

14 í Reykjavík

7 á Reykjanesi eða nágrennasveitarfélögum höfuðborgarinnar

9 á landsbyggðinni

Með margskonar skerðingar – flestir þó með þroskahömlun eða geðræna erfiðleika
Mismunandi búsetuform





Könnun meðal starfsfólks - framkvæmd

Allt starfsfólk í þjónustu við fatlað fólk í desember 2010 hjá svæðisskrifstofum, þjónustusveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum Ási styrktarfélagi, Skálatúni og Sólheimum

Upplýsingasöfnun	20. des. 2010 - 12. apríl 2011
Framkvæmdarmáti	Net-, póst- og símakönnun
Fjöldi í úrtaki	1982
Fjöldi svarenda	1469
Brottfall	10
Brúttó svarhlutfall	74%
Nettó svarhlutfall	74%





Staða málefna fatlaðs fólks fyrir flutning frá ríki til sveitarfélaga

FULLORÐNIR ÞJÓNUSTUNOTENDUR

Dr. Rannveig Traustadóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Hvað er fötlun?

- Lög um málefni fatlaðs fólks:
 - Samkvæmt lögunum er fatlaður einstaklingur sá sem þarf á sérstakri þjónustu eða stuðningi að halda vegna andlegrar eða líkamlegrar fötlunar.
- Þessi skilningur felur í sér að litið er á fötlun sem einstaklingsbundið vandamál, og hún fyrst og fremst skilgreind út frá líffræðilegu eða læknisfræðilegu sjónarhorni





Nýr skilningur á fötlun

Þrjár helstu leiðir til að skilja fötlun

- 1. Einstaklingsbundinn (læknisfræðilegur) skilningur**
Lítur á fötlun/skerðingu sem “galla” eða “afbrigðileika” og líf fatlaðs fólks sem persónulegan harmleik
- 2. Félagslegur og menningarlegur skilningur**
Hafnar einstaklingsbundnum skilningi á fötlun og telur að félagslegar og menningarlegar hindranir skapi marga eða flesta erfiðleika sem fatlað fólk þarf að takast á við
- 3. Tengsla- og samskiptaskilningur**
Rýnir í tengsl og samskipti milli einstaklings og umhverfis/samfélags. Fötlun verður til í þessu samspili





Nýr félagslegur skilningur á fötlun

- **Ekki einblína eingöngu á skerðinguna** sem uppsprettu allra „vandamála“ - heldur líta líka til félagslegra þátta
- **Margir greina á milli**
 - líffræðilegra þátta (skerðingar)
 - félagslegra þátta (fötlunar)
- Fötlun er niðurstaða félagslegs fyrirkomulags – samspils einstaklinga og umhverfis





Félagslegur skilningur á fötlun liggur til grundvallar alþjóðlegri stefnumótun

Dæmi:

- **Samningur SP** um réttindi fatlaðs fólks (2006)
 - Samningurinn er víðtækur mannréttindasáttmáli sem leggur áherslu á jafnrétti og bann við mismunun á grundvelli fötlunar
- **Stefna ESB** í málefnum fatlaðs fólks 2010-2020
 - Endurnýjar kröfuna um Evrópu án hindrana
- Bæði staðfesta og ítreka nýjan skilning á fötlun
 - félagslegan tengslaskilning





Skilningur á fötlun í mannréttindasáttmála SP


- Samningurinn viðurkennir „að fötlun er hugtak sem þróast og breytist og að fötlun verður til í samspili einstaklinga sem eru með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og virka samfélagþátttöku til jafns við aðra.” (Formáli)
- Samningurinn krefst: “Virðingar fyrir fjölbreytileika og viðurkenningar á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannlegu eðli” (3. grein)






Bakgrunnur þjónustunotenda

- 62% karlar 38% konur
- Meðalaldur 39,5 ár






Húsnæðisaðstæður






Hlutfall sem hefur liðið illa vegna samskipta við sambýlisfólk





Ánægja með starfsfólk og val á starfsfólki






Það var ein hérna [...] hún var bara vildi öllu stjórnna [...] Hún sagðist mega stjórnna öllu hvað ég gerði og ég átti ekkert að fá að stjórnna neinu. Hún vildi bara ráða öllu á heimilinu ég átti ekkert að ráða inni á mínu eigin heimili. (Úr viðtali: Maður á fertugsaldri með þroskahömlun)

Það fer alveg eftir því hver er að vinna [hvernig henni líður] og ég hef stundum sagt það: Af hverju fær hún ekki að ráða þú veist eins og hver vekur hana á morgnana? [...] Við erum bara þannig að okkur líkar misvel við fólk og ég hef aldrei skilið af hverju sko þetta forræði þú veist. Hún fær ekki að ráða neinu. Mér finnst að hún eigi að fá að velja [...]. Mér finnst það bara vera mannréttindi. (Úr viðtali: Móðir konu með þroskahömlun sem býr á sambýli)





Hlutfall sem þarfnast meiri aðstoðar





Eins og ef mig langar að setjast niður og fara seint að sofa um helgi, fá mér bjór eða fá mér nammi eða eitthvað, [starfsmaðurinn segir þá:] „[Tannburstun] er ekki í verkahring okkar næturvaktar“.

(Úr viðtali: Kona um þrítugt sem býr í íbúðakjarna. Næturvakt hefur störf kl. 22)


Það var byrjað á því [sjónrænu skipulagi] það er ekkert úthald, það dettur alltaf niður. Það voru búnar til myndir eins og það ef að, þegar hann átti að fara að sofa þá var hengd upp mynd fyrir ofan rúmið. [Það] hefur verið þvílík starfsmannavelta að ég læri ekki nöfnin á þeim, ég kem þrisvar í viku þarna, ég læri ekki nöfnin á starfsfólkinu [...]. Það er ekki hægt að setja upp neitt kerfi, sjónrænt eða eitthvað annað þegar það er alltaf verið að fá nýja og nýja starfsmenn.

(Úr viðtali: Faðir manns með einhverfu sem býr á sambýli)





Vinna, nám og dagþjónusta



Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%






Vinna, nám og dagþjónusta eftir skerðingum

■ Er í vinnu, námi og/eða dagþjónustu

■ Ákveður sjálf/ur hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám hún/hann sækir






Vinna á almennum vinnumarkaði

Ég hef verið að starfa þar í meira en, hátt í 8 ár í dag...og ég hef ekki orðið fyrir neinu áreiti þarna í vinnunni. Ég er að vinna í þrifum núna og svo hleyp ég inn í afgreiðsluna og eitthvað þó ég geti ekki alveg reiknað í huganum og á það til að víxla tölum, að þá bara til að vera viss þá er alltaf lítil reiknivél undir borðinu sem ég get notað. Mér finnst fólk ekkert kippa sér upp við það og ég hef sjálf alltaf verið opin gagnvart minni fötlun. Ég hef bara sagt við fólk: Ég er aðeins öðruvísi og þetta tekur þínu tíma. Ég er ekkert voðalega vön að afgreiða þótt ég kunni á posa og get þetta allt... (Úr viðtali: Kona með þroskahömlun, býr á landsbyggðinni)






Hversu oft einmana






Hvað hindrar þátttöku í tómsundastarfi eða félagslífi






Fjárhagsástæður hindra félagslíf oft eða stundum






Kom fyrir á sl. ári að svarandi átti ekki fyrir mat





Hefur upplifað ofbeldi





Notendastýrð persónuleg aðstoð

- 93% fá ekki notendastýrða persónulega aðstoð
- 59% hafa áhuga á að fá slíka aðstoð í auknu mæli





Staða málefna fatlaðs fólks fyrir flutning frá ríki til sveitarfélaga

ÞJÓNUSTUNOTENDUR

YNGRI EN 18 ÁRA




HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN




Bakgrunnur barnanna

- 71% drengir 29% stúlkur
- Meðalaldur rúm 11 ár






Hlutfall sem er ánægt með samskipti barnsins við alla á heimilinu






Hlutfall sem þarfnast meiri aðstoðar






Hlutfall sem þarf meiri fjárhagslegan stuðning






Skammtímavistanir og stuðningsfjölskyldur





Hversu ánægt er barnið í skólanum?





Opin svör um af hverju óánægja með skóla stafar:

- Ástæða óánægju í 53% tilfella félagsleg einangrun
- Einnig algengt að þörfum barnsins sé ekki mætt af skólanum





Vissa tíma er hann í bekk með fötluðum krökkum og honum finnst hann ekki eiga samleið með þeim. Honum finnst að „venjulegu“ krakkarnir líti niður á hann fyrir að vera í þessum tímum. (Úr spurningalista: Foreldri 17 ára drengs í almennum skóla)


Ég meina hann fékk ekki að vera með í leynivínavíku og hann fékk ekki að vera með í náttfatapartý sem var haldið inni í stofu og hann heyrði alveg hvað var í gangi [...]. Þetta er allt saman gert til að efla félagsleg samskipti á milli og efla samhristing í bekknum en barnið sem þarf kannski mest á því að halda, það fær ekki að vera með .

(Úr viðtali: Móðir 12 ára drengs með geðræna erfiðleika)





Hversu oft verður barnið fyrir stríðni, áreitni eða einelti?





Aðstöðuleysi hverfisskóla


[Hann var kominn] inn í einhverja kompu þarna undir einhverjum stiga, bara einn með stuðningsfulltrúa, algjörlega aðskilinn frá bekknum. (Úr viðtali: Móðir 12 ára drengs með geðræna erfiðleika)

Við fórum samt í viðtal [í hverfisskólann] að kíkja á aðstæður og þær voru ekki til fyrirmyndar. Lyfta sem hefur varla verið notuð, hann sagði bara: „Já, stundum hefur hún stoppað.“ Þau hafa ekki verið með fatlaðan einstakling í fimmtán ár [...] með líkamlega fötlun sko sem hefur þurft þá að vera í hjólastól og fá aðstoð eins og hún er með. Þau voru ekki með lausnir varðandi skiptiaðstöðu, það eða þú veist snyrtiaðstöðu fyrir hana. Þá sagði skólastjórinn: „Já, hér er kompa, við getum sett upp borð hérna, skiptiborð fyrir hana hérna í ræstikompu“. Og það fannst mér ekkert sérstaklega spennandi að bjóða barninu uppá. (Úr viðtali: Foreldrar 9 ára stúlku með fjölþættar skerðingar)






Aðstoð í skóla og ánægja með skólagöngu – börn í almennum skólum






Ánægja með skólagöngu/menntun barnsins





Félagstengsl





Skortur á upplýsingum

- Þema í viðtölum og opnum svörum spurningalista
Mér finnst þetta vera ansi þungur róður, þekki samt vel þessi mál þar sem ég starfa í þessum geira. Get ímyndað mér að fólk sem þekkir ekki vel til og er kannski efnalítið líka, hreinlega geti ekki staðið í þessu, og börnin þannig ekki að fá þá þjónustu sem þau þyrftu. (Úr spurningalista: Foreldri 9 ára drengs með einhverfu og fleiri skerðingar)





Staða málefna fatlaðs fólks fyrir flutning frá ríki til sveitarfélaga

STARFSFÓLK




HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN




Bakgrunnur

Kynjahlutfall




Meðalaldur






Menntun






Fagmenntun sem nýtist í starfi






Starfsheiti






Starfshlutfall






Starfsstöð






Faglegur stuðningur og aðstoð





Heilsa, líðan og hagsmunir starfsmanna






Breytingar í vændum vegna yfirfærslunnar

Hlutfall svarenda sem áleit starf sitt haldast óbreytt þrátt fyrir yfirfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga






Upplýsingamiðlun og þekking á tilfærslunni





Afstaða og hlutdeild starfsfólks í innleiðingarferlinu





Staða málefna fatlaðs fólks fyrir flutning frá ríki til sveitarfélaga

NIÐURLAG



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Staða fullorðinna með geðræna erfiðleika

- 31% átti ekki fyrir mat einhvern tímann á sl. ári
- Fábreyttara félagslíf, fjárhagur hindrun
- Oftar einmana, hitta sjaldnar vini
- Verða oftar fyrir ofbeldi en aðrir svarendur






Staða fullorðinna með þroskaröskun

- Stofnanavætt umhverfi
 - Ákveðin þjónusta tryggð
 - Fjárhagserfiðleikar sjaldgæfir
 - Fjölbreytt félagslíf
- Sjálfsákvörðunarréttur skertur
 - Hvar býr og með hverjum
 - Hvað borðar
 - Hvar vinnur/stundar nám
 - Hver aðstoðar





Biðlistar eftir öðru búsetuúrræði






Ég er ennþá að bíða eftir því að ... fá íbúð með stuðningi, eða íbúðakjarna, af því að mér líður ekki vel hér. Þá er einhver sem fylgist með því hvort ég sé að borða eða hvort þeir gefi mér lyfin – minna mig á lyfin og svo að ég einangri mig ekki í langan tíma og sé ekki allt í einu bara dauð. Mig vantar að komast og finna fyrir öryggi ... ég veit ekkert hversu lengi ég fæ að búa hér, mig vantar að búa á stað þar sem að ég fæ að stjórna umhverfinu í kringum mig.

(Ung kona á einhverfurófi sem leigir íbúð á almennum markaði)





Aðgengi að almennum vinnumarkaði





Staða barna með geðræna erfiðleika

- Síður ánægja með samskipti inni á heimilinu
- Félagsleg einangrun
 - Hitta vini sjaldan
 - Um 86% eru oft eða stundum einmana
 - Skortur á félagsskap hindrar 70% í þátttöku í félagslífi og tómstundastarfi






Staða barna á unglingsaldri

- Félagsleg einangrun – 70% 14-18 ára oft eða stundum einmana
- Þarfnast meiri aðstoðar á heimili og við skipulag daglegs lífs
- Minni ánægja með skólagöngu
- 40% hitta vini sjaldnar en vikulega
- Skortur á félagsskap hindrar 69% 17-18 ára unglunga í þátttöku í félagslífi og tómstundastarfi





Starfsfólk og þjónustunotendur





Nánari upplýsingar

Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir: guðbjorg@hi.is

Dr. Rannveig Traustadóttir: rannvt@hi.is

Auður Magndís Leiknisdóttir: audurm@hi.is

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir: ilo@hi.is

